

Ed.

461. Nefndarálit

[54. mál]

um frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við myndun ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks var gert samkomulag milli stjórnarflokkanna þess efnis að málefni utanríkisviðskipta skyldu færast yfir til utanríkisráðuneytisins, en þau hafa fram til þessa verið undir stjórn viðskiptaráðuneytisins.

Þessi breyting hefur að hluta til þegar átt sér stað. Páverandi forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, breytti reglugerð um Stjórnarráð Íslands á síðasta starfsdegi fráfarandi ríkisstjórnar, 7. júlí sl., í þá veru að verkefni á sviði utanríkisviðskipta skyldu flytjast frá viðskiptaráðuneytinu yfir til utanríkisráðuneytisins. Einungis er eftir að breyta lögum um útflutningsleyfi og Útflutningsráð til þess að þessi nýja verkaskipting hafi náð fram að ganga.

Þessi ráðstöfun hefur þótt orka mjög tvímælis. Hefur einkum verið gagnrýnt að slíka breytingu á starfsemi Stjórnarráðs Íslands bæri að með þessum hætti. Eðlilegra væri að slík breyting ætti sér stað samfara heildarendurskoðun á Stjórnarráðinu og þá á grundvelli þingræðislegrar meðferðar á Alþingi, en ekki í tengslum við pólitísk hrossakaup. Þá hefur ekki verið bent á nein efnisleg rök fyrir því að þessi breyting væri skynsamleg, svo ekki sé talað um nauðsynleg.

Á fund nefndarinnar komu nokkrir fulltrúar útflutningsgreina og fulltrúi frá viðskiptaráðuneytinu. Af viðbrögðum og svörum þessara aðila má ráða að þeir ýmist sjá ekki ástæðu til þess að gera þessa breytingu eða telja að það megi reyna þetta í tilraunaskyni án þess að brýna nauðsyn beri til. Öllum aðilum ber saman um það að útflutningsmálin hafi verið í góðum höndum hjá viðskiptaráðuneytinu og að ekkert sé upp á starfsemi þess á þeim vettvangi að klaga.

Þá kom það m.a. fram að viðskiptaráðuneytið hefur um langan tíma haft beint samband við öll sendiráð Íslands erlendis og sendiráðin að sama skapi beint samband við viðskiptaráðuneytið. Því er þessi breyting ónauðsynleg hvað það varðar að betur þurfi að tengja saman starfsemi sendiráðanna og stjórn utanríkisviðskipta á Íslandi. Hins vegar kom það sjónarmið fram að verið gæti að með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, væri hætta á því að verslunarhagsmunir og pólitískir hagsmunir gætu stangast á þegar hvort tveggja verður undir stjórn utanríkisráðuneytisins. Enn fremur var bent á að innflutningsverslunin verður eftir sem áður undir stjórn viðskiptaráðuneytisins. Þar með er komin upp sú sérkennilega staða að fulltrúar viðskiptaráðuneytisins munu t.d. semja um olíukaup af Rússum en fulltrúar utanríkisráðuneytisins stjórna samningagerð varðandi sölu á útflutningsafurðum. Verður að telja að þetta fyrirkomulag sé óheppilegt. Eðlilegra væri að eitt og sama ráðuneytið sjái um útflutnings- og innflutningsverslunina.

Af framansögðu er ljóst að engin efnisleg rök mæla með þeirri breytingu á skipan mála sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þ.e. að færa utanríkisviðskiptin yfir til utanríkisráðuneytisins. Því er 2. minni hl. andvígur þessari breytingu.

Alþingi, 30. des. 1987.

Júlíus Sólnes.